



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 23. nóvember 2011
Tilvísun FLE 35-2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um upptöku Tobin-skatts, 119 mál.

Með tölvupósti dags. 9. nóvember s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður B. Arnþórsson', is written over the typed name.

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. P 140/408
komudagur 24.11.2011

NASDAQ OMX™

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2011
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 119. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 9. nóvember sl. þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um tillögu til þingsályktunar um upptöku Tobin-skatts.

Kauphöllin leggst gegn tillögum um upptöku Tobin-skatts og telur að önnur síður íþyngjandi úrræði séu að öllu jöfnu tæk til að ná fram markmiðum um að treysta efnahagslegan stöðugleika. Kauphöllin útilokar ekki að skattur á fjármagnshreyfingar geti gert gagn við vissar aðstæður en telur að með almennum skatti sem væri óháður aðstæðum sé of langt gengið. Framundan er endurskoðun á peningastefnunni í heild sinni og álitur Kauphöllin heppilegt að þjóðhagsvarúðartæki séu skoðuð í heildarsamhengi fremur en að ályktað sé um einstaka tæki óháð ofangreindri endurskoðun.

Virðingarfyllst,



f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.
Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 140/455
komudagur 28.11.2011

| | Dagsetning | Tilvísun |
|--|-------------------|--------------|
| Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík. | 25. nóvember 2011 | A-8 LÖ/bb |

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 9. nóv. sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um upptöku Tobin-skatts, 119. mál.

Með vísan til lögbundins hlutverks síns telur Ríkisendurskoðun hvorki rétt né eðlilegt að taka afstöðu til ofangreindrar tillögu.

Emmu Hrafn
Lárus Ögull



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. nóvember 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upptöku Tobin-skatts

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um framangreinda tillögu til þingsályktunar. Samkvæmt tillögunni er ríkisstjórninni ætlað að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að hafnar verði viðræður til að undirbúa upptöku Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa. Samtímis fari fram athugun á hvort Íslendingar einhliða eigi að setja skatt á gjaldeyrisviðskipti til að verja samfélagið fyrir óábyrgri spákaupmennsku með gjaldmiðil þjóðarinnar.

Hagfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn James Tobin setti fram hugmynd sína um fyrrnefndan veltuskatt á fjármagnsflutninga milli landa árið 1972 en þá hafði árum saman verið mikill órói á fjármálamörkuðum heims. Þá eins og nú ollu miklar sveiflur í gengi hinna ýmsu gjaldmiðla talsverðum vandræðum. Oft voru gríðarlegar upphæðir færðar úr einum gjaldmiðli í annan af, að því er virtist, þeirri ástæðu einni að aðilar á fjármagnsmörkuðum voru að reyna að gera sér fé úr spám um breytingar á gengi til mjög skamms tíma. Röksemd Tobins var sú að jafnvel mjög lágur skattur myndi eyða möguleikum á að hagnast á litlum breytingum á gengi. Því myndu miklu minni viðskipti verða með gjaldmiðla og um leið yrði gengi þeirra stöðugra.

Reyndar er það svo að þrátt fyrir að glímt hafi verið við alvarlegan vanda við stjórn efnahagsmála hér á landi og víða annars staðar allt frá hausti ársins 2007 er rót þess vanda ekki að finna í óstöðugleika gjaldeyrismarkaða heldur í ofskuldsetningu mikilvægra aðila í hagkerfinu; ýmist einkageira, fjármálafyrirtækja eða opinberra aðila.

Þó svo að flestir séu sammála um að sveiflur á gjaldeyrismörkuðum og raunar ýmsum öðrum mörkuðum geti verið vandamál þá hefur hugmynd Tobins aldrei komist nálægt því að verða hrint í framkvæmd. Þar kemur margt til. Skatturinn er ekki talinn koma að gagni nema um hann náist alþjóðleg samstaða. Það stafar af því hve auðvelt er að færa viðskipti milli markaða til að forðast skattlagningu. Ekki liggur fyrir hvernig innheimta beri skattinn, hver eigi að vera vörsluaðili teknanna og hvernig eigi að ráðstafa honum, t.d. þegar um er að ræða viðskiptaaðila með mismunandi ríkisfang. Þá eru margir hagfræðingar tortryggir á allar tilraunir til að reka fleyga á milli kaupenda og seljenda á mörkuðum eða á annan hátt að reyna að draga úr skilvirkni markaða.

Gjaldeyrisviðskipti á Íslandi búa nú við margvísleg gjaldeyrishöft sem hefta nánast öll viðskipti nema vegna vöru og þjónustu. Þá er ljóst að á brattann verður að sækja á næstu árum að opna fyrir aðgang innlendra aðila að erlendum lánamörkuðum og fá



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

erlenda aðila til að leggja áhættufjármagn í nýfjárfestingar hér á landi. Hvort tveggja er nauðsynlegt til að rjúfa kyrrstöðuna í efnahagslífinu. Skattur á gjaldeyrisviðskipti hér á landi myndi ekki greiða götu þessa.

Það er mat Samtaka atvinnulífsins að óraunhæft sé að einstök lönd fari fram og taki upp veltuskatt á gjaldeyrisviðskipti milli landa. Slík viðskipti eru bæði kvik og alþjóðleg og einhliða upptaka slíks skatts myndi einungis skaða samkeppnisstöðu atvinnulífs viðkomandi lands. Í annan stað hafa íslensk stjórnvöld eða íslenskt hagkerfi ekki þau áhrif á alþjóðavísu að ætla megi að frumkvæði Íslands geti hreyft við öðrum þjóðum í að taka upp umræddan skatt á alþjóðavísu. Umræður á alþjóðavettvangi um þennan skatt gefa ekki tilefni til þess að ætla að hann fái brautargengi. Loks má geta þess að á vettvangi G20-ríkjanna er verið að kljást við afleiðingar fjármálahrunsins. Þar er m.a. til umfjöllunar alþjóðlegur skattur á fjármagnsfyrirtæki sem ætlað er að draga úr hættu á ofrisi á fjármálamarkaði. Það er mat SA að rétt sé að bíða niðurstöðu á þeim vettvangi.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins





Alþingi
Erindi nr. P 140/330
komudagur 22.11.2011

21. nóvember 2011
SI-79998


Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með tölvupósti dags. 9. nóvember 2011 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um að íslensk stjórnvöld beiti sér á alþjóðavettvangi fyrir upptöku svo kallaðs Tobins-skatts og skoði jafnframt kosti og galla þess að taka slíkan skatt upp hér á landi, 119. mál á 140. þingi.

Umræddur skattur hefur verið töluvert í alþjóðlegri umræðu undanfarið og hefur áhugi á einhvers konar útfærslu slíks skatts aukist í kjölfar fjármálakreppunnar. Skatturinn hefur einnig verið nefndur sem eitt af þeim verkfærum sem mögulega væri hægt að nota við svo kallaða þjóðhagsvarúðarstefnu sem Seðlabankinn hefur talið mikilvægt að byggja upp hér á landi til að efla virkni hagstjórnar og draga úr hættu á fjármálalegum óstöðugleika.

Seðlabankinn styður því þá hugmynd að nánari skoðun á kostum og göllum slíkrar skattlagningar fari fram. Mikilvægt er að sú vinna taki mið af alþjóðlegri þróun og umræðu, ekki síst vegna þess að árangur slíkrar skattlagningar er líklega meiri ef hann er lagður á í alþjóðlegu samstarfi, auk þess sem mögulegir ókostir hans eru líklega meiri ef skatturinn yrði tekinn upp án slíks samstarfs.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/429
komudagur 24.11.2011



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um upptöku Tobin-skatts (119.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér úttekt á upptöku Tobin-skatts.

Viðskiptaráð Íslands hefur fengið til umsagnar ofangreinda tillögu en hún er tvíþætt. Annars vegar er lagt til að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði á viðræðum til að undirbúa upptöku Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa. Hins vegar er lagt til að fram fari markviss athugun á því hvort Íslendingar ættu að setja skatt á gjaldeyrisviðskipti af stærðargráðu sem einhverju nemur til þess að verjast óábyrgri spákaupmennsku með gjaldmiðil þjóðarinnar.

Hugmyndir um að draga úr skilvirkni fjármálamarkaða með skattálagningu á viðskipti skjóta reglulega upp kollinum í kjölfar fjármálakreppa. Tilgangurinn með slíkri skattlagningu er að draga úr ávinningi af skammtímastöðutöku þannig að hlutfall spákaupmennsku verði ekki ráðandi í markaðsviðskiptum. Tobin-skattlagning, þ.e. skattur sem er brot úr prósentu á viðskipti með gjaldmiðla, er, fræðilega, vel til þess fallinn að draga úr umfangi spákaupmennsku. Enn er þó deilt um hvort slík skattlagning sé framkvæmanleg. Hún þyrfti að leggjast á gjaldeyrisviðskipti á heimsvísu. Erfitt er að sjá hvernig unnt væri að framfylgja slíkri skattlagningu enda mikil hagnaðarvon í því að svíkjast undan að innheimta skattinn og stofna heimsmiðstöð gjaldeyrisviðskipta.

Undir venjulegum kringumstæðum eykur spákaupmennska dýpt og skilvirkni markaða og veitir því markaðsaðilum ákveðið aðhald. Spákaupmennska eykst oft verulega þegar verðlagning á mörkuðum leitar af einhverjum ástæðum langt frá jafnvægisgildi, líkt og gengi krónunnar gerði til dæmis á árunum 2004 til 2005, og getur magnað verðsveiflur. Undirliggjandi ástæður ójafnvægisins eru yfirleitt ekki spákaupmennskan sjálf. Aðdragandi gjaldeyrisgreppa er oftast en ekki mikil skuldsetning í erlendri mynt. Stöðutaka íslenskra heimila og fyrirtækja sem fólst í erlendri skuldsetningu íbúðarhúsnæðis og fyrirtækjarekstrar olli mun meiri skaða en stöðutaka spákaupmanna.

Ekki er alveg ljóst hvað felst í fyrri tillögunni, þ.e. að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði á viðræðum til undirbúnings skattlagningar. Ekki er ljóst hve miklu fjármagni stendur til að veita í þetta verkefni. Ef tilgangurinn er að draga úr líkum á fjármála- og gjaldeyrisgreppum er líklega vænlegra að leita leiða til að draga úr skammtímaávinningi heimila, fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga af skuldsetningu í öðrum gjaldmiðlum en tekjur þeirra eru í.

Seinni tillagan er að fram fari athugun á því hvort Íslendingar ættu að setja skatt á gjaldeyrisviðskipti yfir ákveðnum fjárhæðarmörkum („af stærðargráðu sem einhverju nemur“) til að verjast óábyrgri spákaupmennsku með gjaldmiðil þjóðarinnar. Sennilegt er að slík skattlagning kæmi niður á erlendri fjárfestingu í landinu á sama tíma og heppilegt væri að auka hana. Hugsanlega mætti þó skoða slíka skattlagningu sem myndi aðeins verða virk þegar vaxtamunur við útlönd fer yfir ákveðin mörk. Það kynni að draga úr innflæði fjármagns vegna vaxtamunarviðskipta og halda aftur af styrkingu krónunnar og gefa peningastefnunni rými til að miðlast eftir markaðsvöxtum.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að ofangreind tillaga nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Lúðvík Elíasson
Hagfræðingur
Viðskiptaráð Íslands